

Skógarvörður umdæmisins:

ÍSLÉIFUR SUMARLIPASON.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ

1952.

NORDURLANDSUMDAMI :

Vaglir í Fnjóskadal.

GRÆÐIREITUR:

Vinna við græðireitinn hófst 21. maí. Hófst þá þökkun plantna þeirra er senda skyldi til Reykjavíkur og Skógr.f. Eyfirðinga. Ær afhendingu plantna haldið áfram þar til 27. maí, en þá um morguninn var töluluverð snjókoma. Stöðvaðist þá öll vinna í græðireitnum þar til 3. júní, sakir ótiðar. Var nær alltaf frost um nætur. Dreifsetning hófst 6. júní og var þá snjór enn ekki farinn úr öllum reitunum. Dreifsetningu var lokið 20. júní. Sáning hófst 9. júní og var lokið um 26. júní. Tókst sániningin vel nema hvað skógarfurufrae frá Hamaröy spinaði ekki að heitið gæti. Mun fræinu vera um að kenna. Fræplöntum fórlitið fram, enda var tiðarfarið af óhagstætt. Frost gerði 12. ágúst, en sá þó ekki á plöntum að heitið gæti. Æn 28. og 29. gerði mikil frost tvær nætur. Má heita að sitkagreni og bastarður af sitkagreni x hvítgreni færast alveg, skemmdir sá á hvítgreni, minna á rauðgreni, i fræbeðum frá vorinu. Engan skaða tóku fræplöntur þar er sáð var undir gler. Æskilegt væri að geta sáð öllum barrplöntunum undir gler nema skógarfurufrae, sem virðist langsamlega harðgerðust. Mundi glerið verja gegn skemmdum haust og vor, auk þess sem það flýttir mjög fyrir vexti fræplantnanna. Geta þarf þess vandlega hér í græðireitnum að taka glerið af á heppilegum tíma, áður en mikla snjóá leggur, en sialdan mun svo snjólétt að óhett sé að hafa það áfyrir veturinn. - Yfirleitt fór haustveðrattan afar illa með allar plöntur í fræ- og dreibeðum. Má marka frostskemdir á flestum regundum nema skógarfurux og tvíumplöntuðu sitkagreni. Búast má við að eitthvað gangi úr söluþlöntum vorið 1953, sökum kalskemmda, t. d. reynivíð og briggja ára birkis. Allmikið sá á lerki og alaskaösp. - Ekið var í reitina sem hér greinir:

Reitur nr. 2:	6 tonn sauðatað,	2 tonn mykja.
--	- 4:	6 tonn mykja, 2 tonn sauðatað, 24 tonn svörður.
--	- 5:	4 tonn mykja.
--	- 7:	4 tonn mykja, 12 tonn svörður.

Sáðbeð 1. ár. Áburðarmagn pr. 100 m2.

Kalk-ammonsaltpr.	20,5%	7.0 kg.
Prifosfat	45%	5.0 -
Kali br. st. s.	50%	4.5 -

Dreifbeð 2. ár. Áburðarmagn pr. 100 m2.

Kalkammonsaltpr.	20,5%	8.5 kg.
Prifosfat	45%	4.0 -
Kali br. st. s.	50%	7.5 -

Er þetta nokkuð meira áburðarmagn en ritið "Norsk Planteskole-drift" lætur setið að borið sé á í Sönsterud planteskole og í sónskum og dönskum græðireitum, sem það tekur sem dæmi. Var áburðar magnið þó minkað frá því sem það hefir verið undanfarin ár. - Hér má geta þess að lítið hefir borið á rótarbrúna í fræplöntum s. 1. þrjú ár. Vorið 1949 olli rótarbruninn hins vegar talsverðum skemmdum. Gætt hefir verið til hins ýtrasta að vökvua ekki nema hið allra minnsta og hafa stórga sem minnst yfir beðunum.

PLÖNTUR TIL SÓLJ & AFTENDINGAR VORUP 1953.

Birki 2/2	850	stk.
Birki 3/o	44.000	-
Rejnir 1. fl.	350	-
Reynir 2. fl.	1.150	-
Reynir 3. fl.	800	-
Lerki 1/2	23.025	- (Hakaskoja.)
Lerki 2/2	3.075	- (Archangelsk.)
Lerki 2/2	7.400	- (Irkutsk.)
Skógarfura 3/o	100.000	- <u>Aætlað.</u>
Skógarfura 2/1 & 3/1	15.000	- <u>Aætlað.</u>
Sitkagreni 2/4	1.800	- <u>Aætlað.</u>
Rauðgreni 2/2 7/3?	5.000	- <u>Aætlað.</u> (Rana?)
Gulviðir o/1 & o/2	2.000	-
Alaskaösp o/2	<u>350</u>	<u>-</u>
Samtals	<u>205.000</u>	<u>stk.</u>

GRÓÐURSUTNING OG SÁNING:

Atta norskir skógræktarmenn og konur gróðursettu dagana 29. maí - 2. júní 4.500 lerki í syðri hluta reits nr 309. Lerkið var frá Tumastöðum, fræið frá Bathen og á fræpokanum stóð "Blandet". Einnig gróðursettu Norðmennirnir 2500 lerki af Archangelsk stofni, í reit nr. 214, rétt ofan við skógarfuruna þar. Gróðursett voru 6.700 rauðgreni í reit nr. 306. Var betta gert dagana 13.- 19. júní. Þett var 3.450 skógarfurum í reit nr. 408, ennfremur 300 rauðgreniplöntum í reit 409, syðri hlutann. Í Sandhaugagirðinguna voru gróðursett 800 rauðgreni og 1200 skógarfurur. Í Sellandi gróðursettu Norðmennirnir þann 3. júní 2.200 skógarfurur. Óskógarfurufrei sáðu Norðmennirnir á tveim stöðum utan gömlu girðingarinnar á Hálsmelum, einnig sáðu skólabörn frá Grenivík í smá reit neðan Vagla. Skólabörn frá Svalbarðssströng gróðursettu 400 skógarfurum í en. 330. Dagana 21.- 28. ágúst var þett inn í syðri hluta reits nr. 309, 3.682 lerkiplöntum, en lerki það sem Norðmennirnir gróðursettar barna var langt aðflutt og illa farið, lifði því aðeins lítil hluti þess. Gróðursettar voru barrplöntur á eftirtalda staði í S.- Þing.

Vaglaskógor	Skógarfura	3.850	stk.
Vaglaskógor	Rauðgreni	7.500	-
Vaglaskógor	Lerki	10.682	-
Sandhaugar	Skógarfura	1.200	-
Sandhaugar	Rauðgreni	800	-
Selland	Skógarfura	<u>2.200</u>	<u>-</u>
Samtals		<u>26.232</u>	<u>stk.</u>

SÁNING Í GRADIREITINN:

✓Birki	✓ 8.652 kg.	259.0 m ²	(Bæjarstaður.)
✓Birki	✓ 2.890 -	102.0 -	(Rognan.)
✓Birki	✓ 1.610 -	51.5 -	(Elliot Hwy.)
✓Birki	✓ 120 -	3.5 -	(City of Fairbanks.)
✓ Skógarfura	✓ 2.100 -	111.0 -	(Hamarøy.)
✓ Skógarfura	✓ 3.900 -	185.0 -	(Dalir, Troms.)
✓Rauðgreni	✓ 1.100, ✓	37.0 -	(Snaasa.)
✓Hvitgreni	✓ 1.200 -	37.0 -	(Mac Grath, Anch 1.)
✓Hvitgreni	✓ 360 -	9.0 -	(Moose Pass.)
✓Sitkagreni	✓ 1.000 -	22.0 -	(Seward.)
✓SitkaxHvitgr.	✓ 1.780 -	27.0 -	(Lawing.)
		<u>854.0 m²</u>	

SÁNING Í GRADIREITINN UNDIR GLER:

✓Birki	✓ 0.200 kg.	6.0 m ²	X(Rognan.)
✓Birki	✓ 0.200 -	6.0 -	(Elliot Hwy.)
✓Rauðgreni	✓ 1.220 -	42.0 -	(Snaasa.)
✓Hvitgreni	✓ 80 -	2.4 -	(Northway, Anch. 9.)
✓Hvitgreni	✓ 140 -	3.6 -	(Yukon Island in river, Anch. 7, 1951.)
✓Hvitgreni	✓ 40 -	1.5 -	(Tok Junkton Hwy. 6.)
✓Hvitgreni	✓ 40 -	1.5 -	(Mac Grath, Anch. 8.)
✓Hvitgreni	✓ 290 -	9.0 -	(Mac Grath, Anch. 1.)
✓Hvitgreni	✓ 825 -	19.0 -	(Moose Pass.)
✓SitkaxHvitgr.	✓ 400 -	9.0 -	(Lawing.)
✓Lerki	✓ 80 -	2.0 -	X(Hakaskoja.)
		<u>102.0 m²</u>	

DREIFPLÖNTUN:

✓ Birki 3/o	28.500 stk.	(Bæjarstaður.)
✓ Skógarfura 3/o & 2/o	27.000 -	(Dalir, Troms.)
✓ Lerki 2/o	23.000 -	(Hakaskoja.)
✓ Rauðgreni 2/o	24.000 -	(Rana.)
✓ Rauðgreni 3/o	6.000 -	(Helgoland.)
✓ Rauðgreni 3/o	3.000 -	(Trysel.)
✓ Rauðgreni 3/o	1.500 -	(Solör.)
✓ Gulviðir	2.000 -	(Græðlingar.)
Samtals	<u>115.000 -</u>	

SELLDAR & AFHEINTAR PLÖNTUR:

✓Birki	ca 36.000 g	ca 11.000	41.500 stk.	
✓ Skógarfura			78.000 -	2/2 28.250
✓Reynir			2.450 -	
✓Gluviðir			650 -	
Samtals	<u>122.600 -</u>			

GIRDINGAR, FRIDUN OG VIDHALD GIRDINGA:

Girt var 1650 metra löng girðing að Miðhálsstöðum í Öxnadal. Flatarmál lands innan girðingar um 16 ha, girðingin er 6-pætt gaddavirsgirðing, járn- og tréstaurar. Lagði Skógrækt ríkisins til gaddavir og nokkuð af staurum, en Skógræktarfélag Eyfirðinga annaðist uppsetningu girðingarinnar.- Höggnir voru 300 staurar í Sigriðastaðaskógi og verða þeir notaðir til styrktar girðingunni á næsta vori.- Það var gaddavírsstreng ofan á Sandhaugagirðinguna og er hún nú sjöþað, nema á fjallinu, sexþaðt, einnig var það um 120 staurum í girðinguna.- Í Fosseselsgirðinguna var það 200 staurum. Í haust var ekki 200 staurum austur að Vaði og verður þeim dreift meðfram girðingunni í veturnar sem þeirra er brýnust þörf. Hefir bóninn á Vaði, Garðar Jónsson, tekið að sér að annast eftirlit með girðingunni.- Það var 150 staurum í girðinguna um Lunds- og Þórðarstaðaskóg, aðallega járnstaurum. EKKI verður komist hjá því að gera gaggerðar endurbætur á girðingunni í fjallinu að sunnan og norðan, eins og drepið var á í síðustu starfsskýrslu.- Það var 150 staurum í girðinguna um Vaglaskógi. Þá var gamla girðingin á Hálmelunum tekin upp. Var nokkuð af netinu, sem þar fékkst það inn í Vaglagirðinguna, eins og gert var ráð fyrir í síðustu starfsskýrslu.- Öðrum girðingum haldið við svo sem venja er.

SKÓGARHÖGG, GRISJUN OG KOLAGERD:

SKÓGARHÖGG: Á árinu var höggvið:

Eldiv.	Efniv.	Arinv.	Staurar	Renglur	Viðarmagn
<u>Alls.</u>					

	kg.	m ³	kg.	stk.	stk.	Hestburðir
Vaglaskógi	142.000	4.000	4.500	3.370	800	1715
Þórðarstaðaskógi	27.000				150	279
Sigriðastaðaskógi	8.000				300	98
	<u>177.000</u>	<u>4.000</u>	<u>4.500</u>	<u>3.320</u>	<u>800</u>	<u>2092</u>

Í Vaglaskógi voru grisjaðir reitirnir nr. 212, 302, 303, 304, 305, 307, 318, 406, 408 og það sem eftir var innan græðireitsgirðingarinnar frá sl. ári. Þá voru grisjaðir um 3000 m² í reit nr. 509, en þar voru gróðursettar 50 sitkagreni plöntur 1947 og hafa þær dafnað veð. Var þessi grisjun gerð með það fyrir augum að þarna yrði plantað sitkagreni næsta vor. Lokið var við að skifta skóginum niður í reiti og afmarka þá en eigi var á sl. ári lokið við bann hluta skógarins, sem liggur sunnan Klettlækjar. Annaðist Baldur Þorsteinsson, skógfreyðingur, þessa skiftingu skógarins.

Unnið var að því að ná viðnum úr brautum þeim er höggnar hafa verið tvö s. l. sumur til að afmarka reitina. Voru hreinsaðar allar þær brautir sem gerlegt þótti að draga viðinn úr að akvegi. Fengust með þessu um 800 staurar og rúml. 15 tonn eldiviðar, er hvortveggja reiknað með á skógarhöggi þessa árs.- Í Sigriðastaðaskógi var nú höggið allt birkid sem stóð yfir skógarfurunni og gróðursett var 1947. - Einnig voru höggnir þar 300 girðingarstaurar.- Í Þórðarstaðaskógi var fellt mest allt birkid sem stóð yfir skógarfurunni og þar var gróðursett 1947. Unnið að grisjun eftir því sem tími vannst til.- Með lækkandi kola-verði hefir dregið allmikið úr eldiviðarsölunni. Minna varð um reykviðarsölu til Reykjavíkur en verið hefir undanfarin ár.- Tölувart seldist þó af eldiviði í nærsveitir. Var eldiviðartonnid lækkað um kr. 20.00, var kr. 220.-, árið áður. Búast má við að enn verði að lækka eldiviðinn á árinu 1953, en hætt við að nægi ekki til, ef skógarhogg verður stundað svipað og s. l. ár, wantar því enn nauðsynlega viðarkolaofn og afkastamikla vélsög.

KOLAGERD:

Gert var einu sinni til kola á árinu. Fengust nú um 230 kg. viðarkola.

BYGGINGAR OG VIDHALD FASTEIGNA:

Að þórðarstöðum var húsið nú mûrhúðað utan, "fínpússað" innan og settar í hurðir.- Allmikla viðgerðir og breytingar fóru fram á Vaglahúsini. Var þar sett niður Agaeldavél í staðinn fyrir gömlu miðstöðvareldayélina, sem orðin var ófullnægjandi. Settur var upp stóð og góður miðstöðvarketill í kjallarni, lögð hitalögn og komið fyrir baðkari. Sett var masonit innan í eldhúsið og síðan málað.

VEGAGERD:

Fengin var jarðýta til að lagföra veginn frá Efra-hliðinu á Hálsmelunum og suður að gamla hliðinu þar. Ruddar voru allmargar brautir þar sem með þurfti vegna skógarhöggs.- Athugað var um vegarstæði suður í Þórðarstaðaskógi og settir hælar á þá leið sem helzt myndi farin, ef úr framkvæmdum verður.

FERDALÖG:

Í Reykjavík dvaldist ég 24. janúar- 2. apríl. Flutti í Vagli 1. maí. Flutti blöntur og leiðbeindi á sömuurstöðum og á s. l. vori. Sat aðalfund Skógræktarfélags Íslands á Akureyri 5.- 6. júlí. Sýndi kvíkmyndina " Skogen vor arv" á Svalbarðeyri 13. júlí, á Húsavík 27. ágúst og á Dalvík 30. ágúst.- 7. sent. fór ég að Fremsta-Felli í Koldukinn og athugaði um girðingarstæði þar.- 8. sept. leiðbeindi ég við grisjun í skógarreit umgmennafélagsins á Svalbarðsströnd.- Auk þessa ferðir fjölmargar vegna viðskifta, eftirlits, leiðbeininga o. fl. Alls var ég 83 daga að heiman.

YMTSLEGT:

Brum byrjaði að þrútna um 18.- 20. maí, en 27. s. m. gerði tölverða snjókomu og varð Vaðlaheiðin ófær um tíma. Gerði þetta mjög erfitt fyrir um öll vorverk. Von var á nor-skú skógræktarfólk í Vaglaskógi að kvöldi þess 27. maí. Varð það að sitja um kyrrt á Akureyri, vegna veðurs, til 29. maí, en þá var haldið í Vaglaskógi og farið um Dalasmynni og Fnjóska-dal, þar eð Vaðlaheiðin var enn fullfær. Norðmennunum hafði ver-ið ætlað að ferðast milli deilda Skógræktarfélags Suður- Pingeyinga, en því varð ekki við komið vegna hins óbliða tíðarfars. Héldu Norðmennirnir til Akureyrar 4. júní. Hafði allan þennan tíma verið mjög kalt í veðri, oftast frost um nætur.- Unnið var þó að gróðursetningu mest allan tímaminn sem Norðmennirnir voru í Vaglaskógi, var það kuldaveirk að vinna að gróðursetningu oft í slydduéljum. Þurfti viða að ryðja snjó frá til að ~~göt~~ komað plöntum niður.- Varla er hægt að telja að skógurinn sé allaufg-aður fyrr en 24. júní. Fræspréttu var með allra minnsta móti. Skógarmaðks varð lítils vart. Skógurinn byrjaði að sölna 2. sept., lauflaus að kalla um 20. sept.- Frostskemmdir urðu tölverðar eins og að framan ~~getur~~.- Hinn 7. okt kvíknaði í heylöðu á Vöglum. Var þer um sjálfkveikju að reða. Brann töluvert af heyi og ýmsum áhöldum, þak hlöðu og fjóss féll, en íbúðarhúsini varð bi-argáð. Má fyrst og fremmst þakka það viðbragðsflýti Fnjóskdæla svo og að vindur stóð sunnan. Þátt var tjón Skógræktar ríkisins að mestu með brunabótafé.

Jón Jónasson

62